

Fundur með umsækjendum um Þjórsárdalslaug 24. Maí 2017

Haldinn í Árnesi fundarherbergi.

Mætt til fundar umsækjendurnir : Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Sigfús Sigfússon, Valdimar Jóhannsson auk þetta Skafti Bjarnason og Kristófer Tómasson. Fyrir hönd sveitarfélagsins. Sá síðast nefndi tók saman punkta frá fundinum.

Tilfni fundarins umsókn Önnu Sigríðar, Sigfúsar, Valdimars og fleiri um svæði í Þjórsárdal til ferðapjónustu.

Skafti setti fundinn kl 10:15.

Valdimar spurði hvort oddvitann hvort sveitarstjórn hefði samið við einn aðila án þess að auglýsa ef þess hefði ekki verið krafist af Forsætisráðuneytinu. Kvaðst Valdimar hafa haft samband við Regínu Sigurðardóttur sérfræðing í Forsætisráðuneyti

Skafti oddviti greindi frá því að ekki væri ástæða til annars en auglýsa, upphaflega hefði verið gerður samningur um Þjórsárdalslaug ehf 2011 ekki var þá áhugi til staðar hjá fleiri aðilum. Aron Reynisson og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir óskuðu þá eftir að taka laugina á leigu. Samningur varð til í framhaldi milli félagsins og sveitarfélagsins. Í byrjun árs 2014 var óskað skilmerkilega eftir að samningshafar myndu efna samninginn. Var það ljóst að það hefðu samningshafar ekki gert. Leitað var af hálfu sveitarfélagsins eftir lögfræðilíti hjá Ívari Pálssyni, hæstaréttarlögmanni og það var hans álit að dýrt gæti orðið og tímafrekt að rifta samningi. Staða leigutakans í samningnum væri sterk. Auk þess var rætt við Guðjón Bragason lögmann Sambands sveitarfélaga um þetta tiltekna mál.

Einn aðili hafði samband við oddvita og óskaði eftir að fá að taka sundlaugina á leigu. Honum var bent á að á meðan þáverandi samningsaðilar væru ekki tilbúnir til samstarfs væri staðan snúin. Þessi aðili, Magnús Orri ásamt Ellerti bróður sínum kom til sveitarstjórnar með tilboð um nýjan samning. Hann lagði fram yfirlýsingu frá þáverandi samningsaðila hreppsins um að ef samningar tækjust með hreppnum og fyrirtæki Magnúsar, Rauðakambi féllu eigendur Þjórsárdalslaugar frá samningi um laugina. Gerður var nýr samningur við nýtt félag ,Rauðakamb ehf haustið 2016 að undangenginni auglýsingu um hið leigða. Forsætisráðuneyti er aðili að samningnum. Gerð var krafa um auglýsingu. Nokkrir aðrir aðilar sýndu á þeim tíma áhuga á að taka sundlaugina á leigu. Í umsókn Rauðakamb ehf kom vel fram hvaða hugmyndir aðstandendur félagsins hefðu um framkvæmdir á staðnum.

Valdimar greindi frá hugmyndum umsækjenda um svæðið. Hann sagði vera fulla alvöru í þeirra hugmyndum. Vilji væri til þess að lagfæra gömlu sundlaugina og setja upp nokkur smáhýsi til gistinga. Valdimar spyr um hverjar hugmyndir séu um hraða á afgreiðslu málsins. Oddviti sagði frá því að samið yrði við aðila um leigu á dalnum. Valdimar sagði þörf á að skoða aðstæður betur. Upplifun hans væri sú að verið væri að vinna málið bak við tjöldin án vitundar almennings. Sigfús spurði hvort leitað yrði umsagnar hagsmunaaðila.

Umsækjendur bentu á að frestur væri stuttur og ekki eðlilegur tími til að vinna umsókn almennilega. Valdimar vitnaði samtöl sín við Regínu í forsætisráðuneyti. Þar sem fram hefði komið að sveitarfélagið hefði upphaflega rætt um stærra svæði til leigu. En ráðuneytið hefði bent á að æskilegra hefði verið að hafa það minna.

Valdimar spurði hvort umræða hefði farið fram um skipulagsmál í Þjórsárdal. Skafti benti á Rammaskipulag það sem samþykkt hefur verið. Auk þess hefðu átt sér stað umræður um þau mál og nefndi íbúafund á síðasta ári.

Sigfús spurði oddvita og sveitarstjóra um hver ávinningur verði fyrir sveitarfélagið af uppbyggingunni í Þjórsárdal. Þeir bentu á að tekjurnar þyrftu samkvæmt lögum um þjóðlendur að renna til þjóðlendunnar. Sveitarstjóri lagði áherslu á að ekki væri óraunhæft að gera ráð fyrir auknum útsvarstekjum þar sem vænta mætti þess að allmörg störf myndu skapast við verkefnið.

Sigfús spurði einnig hvernig væntingar sveitarfélagsins væru um leigugjald. Oddviti sagði að gert væri ráð fyrir að þær yrðu umtalsverðar.

Valdimar sagði hugmyndir þeirra hljóða uppá að byggja nokkuð af smáhýsum á svæðinu í sátt við umhverfið.

Skafti benti fundarmönnum á að Rauðukambar ehf hefðu ekki vissu fyrir að samið yrði við þá.

Valdimar sagðist vilja fá svæði til umráða til að byggja upp skynsamlega ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Þá væri meðal annars átt við nokkur smáhýsi sem byggð yrðu í sátt og samræmi við náttúruna.

Sigfús spurði um heita vatnið á umræddu svæði. Vatnið er háð samþykki Forsætisráðuneytisins sem og kalda vatnið.

Skafti vitnaði í Lögmann forsætisráðuneytið um forræði fasteigna á þjóðlendu.

Umsækjendur spurðu um hvort það væri ákveðið að afgreiða málið á næsta sveitarstjórnarfundi.

Skafti oddviti sagði ekki vera búið að ákveða neitt um það en svo gæti orðið.

Sveitarstjóri og oddviti buðu umsækjendum að halda kynningarfund fyrir alla sveitarstjórnina. Var ákveðið að stefna að slíkum fundi í vikunni 28 maí – 3 júní nk.

Fundi slitið kl 10: 28.

Kristófer Tómasson